

Nd.

## 151. Frumvarp

til laga um Heilsuhællissjóð Íslands.

Flutningsmaður: Ólafur Briem.

### 1. gr.

Af aðflutningsgjaldi áfengra drykkja skal stofna sjóð, er nefnist Heilsuhællissjóður Íslands. Í sjóð þennan skal renna aðflutningsgjald af áfengum drykkjum og ölföngum, er greiða ber samkvæmt gildandi tollögum frá ársbyrjun 1912 til ársloka 1915.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að halda uppi vörnum gegn berklaveiki, og skal hann bera kostnað við stofnun og rekstur heilsuhæla og sjúkraskýla handa berklaveikum mönnum.

Með lánveitingum úr sjóðnum skal einkum styðja þær framkvæmdir, er miða til heilsubóta fyrir almenning, svo sem umbætur á húsakynnum, vatnsbólum og öllum hibýlaháttum. Af vöxtum sjóðsins má veita fé til fræðslu um heilbrigðismál og hvers konar ráðstafana til eflingar heilnæmi og varnar gegn sýkingarhættu.

### 3. gr.

Sjóðurinn stendur beint undir landsstjórninni, er semur skipulagsskrá fyrir hann og reglugjörð. Fjárveitingum úr sjóðnum skal haga í samráði við stjórn Heilsuhælisfélags Íslands. Reikningur sjóðsins skal árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast af yfirskoðunarmönnum alþingis.